

Landskerfi bókasafna

✉ Borgartúni 37, 5.h., 105 Reykjavík • ☎ 514-5050
☞ www.landskerfi.is • 📩 landskerfi@landskerfi.is • 📲 514-5055

Fundargerð aðalfundar 2003

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2003 var haldinn í húsakynnum fyrirtækisins að Borgartúni 37 í Reykjavík, 20. júní 2003, klukkan 16:00. Mættir voru fulltrúar 7 hluthafa sem eiga samanlagt 82,6% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Gunnar Sturluson, lögmann, fundarstjóra, og Árna Sigurjónsson, framkvæmdastjóra, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Jónmundur Guðmarsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Ársreikningur var lagður fram og reifaður af framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Var reikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum, enginn var á móti.
3. Fram kom tillaga um að eftirfarandi menn tækju sæti í stjórn félagsins:

- Anna Torfadóttir (kt. 250149-6549).
- Hörður Sigurgestsson (kt. 020638-2659).
- Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519)
- Sigrún Klara Hannesdóttir (kt. 091043-3949).

Ennfremur var lagt til að þessi tvö sætu áfram sem varamenn stjórnar:

- Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169).
- Valur Árnason (kt. 230666-3349).

Loks var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði kjörin endurskoðandi.


Sjálfkjörið var í allar þessar stöður.

4. Lögð var fram tillaga um að laun stjórnarmanna skyldu vera óbreytt frá fyrra ári eða 15.000 krónur á mánuði á stjórnarmann en tvöföld sú upphæð fyrir stjórnarformann. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Hvort tveggja var samþykkt án mótagvæða.


5. Lagt var til að tap félagsins á árinu 2002 færi til lækkunar á eigin fé þess og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Undir liðnum Önnur mál töku Helga Jónsdóttir borgarritari og Hörður Sigurgestsson, stjórnarformaður Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, til máls og þökkuðu fráfarandi stjórnarmönnum gott starf í þágu fyrirtækisins.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð fundarins. Fundi var slitið klukkan 16:30.



Gunnar Sturluson



Arni Sigurjónsson